

Veiðifélag Miðfjarðarár og Litlu Kverkár
Bjarkarholti 27, *Íbúð 502*
270 Mosfellsbær

Hafnarfjörður 20. ágúst 2025

Tilv. 2025-06-12-0635/2.3.1

Efni: Varðar opnun fossa í Litlu-Kverká við Bakkaflóa með gerð tveggja fiskvega

Í umsókn dagsettri 11. júní síðastliðinn leitar Veiðifélag Miðfjarðarár og Litlu Kverkár eftir heimild til að byggja fiskvegi í tvo ófiskgenga fossa í Litlu-Kverká við Bakkaflóa (neðri foss: 66.016308°, -15.169584°; efri foss: 66.012887°, -15.188688°) og opna þannig svæði fyrir ofan fossana fyrir göngufisk. Í neðri fossinum yrði höggvin út og/eða sprengd 6 þrep/bollar. Í efri fossinum yrðu tvö hólfi steipt og höggvið út fyrir neðsta hólfi til hliðar við fossinn. Veitt yrði 150 l/s af vatni í fiskveginn. Umsókninni fylgja upplýsingar um framkvæmdina og umsögn Hafrannsóknastofnunar frá 2019. Fiskistofa aflaði lögbundinnar umsagnar Hafrannsóknastofnunar varðandi áform um fiskvegagerðina.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar frá 17. júlí 2025 um framkvæmdina kemur m.a. fram:

„Með gögnunum fylgdi meðal annars umsögn Hafrannsóknastofnunar sem gerð var af sama tilefni árið 2019 en ekkert varð af framkvæmdinni og er nú verið að sækja um að nýju með aðeins breyttu verklagi. Hvað varðar byggingu fiskveggar gildir umsögn Hafrannsóknastofnunar frá árinu 2019 þrátt fyrir breytingar á framkvæmd og er því vísað til hennar.“

Einnig kemur fram:

„Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd en bendir á að mikilvægt er að framkvæmdaaðili jafnt sem verktakar séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif. Að gefnu tilefni er áréttað að það er í verkahring framkvæmdaaðila að upplýsa verktaka og hafa eftirlit með að framgangur verksins sé eins og best verður hægt að gera með tilliti til umhverfisáhrifa.“

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar frá árinu 2019 kemur meðal annars fram:

„Þórólfur Antonsson, sérfræðingur Veiðimálastofnunar, gerði gróft mat á botngerð í Litlu-Kverká út frá loftmyndum sem teknar voru í yfirflugi. Niðurstaða hans var að ef fossinn yrði gerður fiskgengur myndu bætast við um 10 km af fiskgengu svæði sem væri að hluta vænlegt til uppeldis og þaðan væru 6,6 km upp í 350 m hæð yfir sjávarmáli sem meiri óvissa var um gæði uppeldisskilyrða. Það má því vera ljóst að sömu rök eiga við um gangsemi þess að opna gönguhindranir í Litlu-Kverká og áttu við þegar farið var af stað með opnun fyrir fiskgöngu í Miðfjarðará.“

[...]

Við rafveiðar sumarið 2018 á einni stöð í Litlu-Kverká fyrir ofan foss veiddust urriðaseiði og á fiskgengu svæði neðan foss veiddust nokkrir árgangar af laxaseiðum (Hafrannsóknastofnun óbirt gögn). Þetta er vísbending um að uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði sé fyrir hendi í Litlu-Kverká en algengt er að finna systurtegundirnar lax og urriða saman í vatnsföllum (Bror Jonsson og Nina Jonsson 2011).

[...]

Þrjár ár í þessum landshluta hafa verið gerðar fiskgengar. Það eru Sunnudalsá (hliðará Hofsár), Hölná í Bakkaflóa og Selá í Vopnafirði sem hefur verið tvíframlengd. Allar þessar ár



koma af fremur lágum votlendisheiðum. Slíkar heiðar eru einkennandi lendi þar sem okkar bestu laxveiðiár eiga uppruna. Opnun þessara framantöldu áa hefur tekist vel og laxveiði þar aukist umtalsvert. Það er því líklegt að ef botngerð er hentug og ekki frekari hindrun í fiskgengi í Litlu-Kverká ofan hindrana, að vænta megi þess að þar dafni laxaseiði vel.

Almennt gildir varðandi mengunarvarnir við framkvæmdir við ár og vötn:

- 1) Gæta þess að hafa sem minnst áhrif á vatn árinna svo sem hvað varðar uppgruggun þess, breytingu á vatnshita og losun mengandi efna í vatnið.
- 2) Áhöld og vélar sem notuð eru í eða við ár og vötn séu þannig að tryggt sé að óæskileg mengandi efni þ.m.t. olíur berist ekki í árvatnið.
- 3) Takmarka skal framkvæmdasvæðið eins og kostur er og gæta þess að spilla ekki árbökkum frekar en nauðsynlegt er framkvæmdarinnar vegna.
- 4) Gengið skal frá framkvæmdastað þannig að ekki verði hætta á að lífríki árinna skaðist.
- 5) Ganga skal frá jarðvegssárum nálægt bökkum þannig að ekki skolist jarðvegur út í.
- 6) Þar sem á við að hafa í huga að óhörðnuð steypa er mengandi. Komist hún í beina snertingu við vatn getur hún breytt pH gildi vatnsins sem er hættulegt fyrir lífríkið.

Að teknu tilliti til umsagnar Hafrannsóknastofnunar og með vísan til 34. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði fellst Fiskistofa á að Veiðifélag Miðfjarðará og Litlu-Kverkár byggi tvo fiskvegi í ófiskgenga fossa í Litlu-Kverká við Bakkaflóa (neðri foss: 66.016308°, -15.169584°; efri foss: 66.012887°, -15.188688°). Í neðri fossinum verði höggvin út eða sprengd 6 þrep/bollar í samræmi við verklýsingu í umsókn. Í efri fossinum yrði tvö hólfi steipt og höggvið út fyrir neðsta hólfi til hliðar við fossinn í samræmi við verklýsingu í umsókn. Veitt verði 150 L/s af vatni í fiskveginn. Fiskistofa leggur áherslu á að farið verði eftir leiðbeiningum Hafrannsóknarstofnunar varðandi framkvæmdina og að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum. Heimildin gildir til 21. ágúst 2026.

Almennar upplýsingar um leyfið eru birtar á upplýsingaveitunni Hafsjá (fiskistofa.is).

Fiskistofa vekur athygli á því að gjald er tekið fyrir leyfisveitingu vegna framkvæmda við ár og vötn (25.900 kr.) í samræmi við auglýsingu nr. 50/2025. Reikningur verður sendur í heimabanka.

Fiskistofa bendir á eftirfarandi:

- Uppfylla þarf lagaskilyrði gagnvart viðkomandi landeigendum áður en framkvæmd hefst.
- Framkvæmdir við veiðivötn kunna að vera háðar framkvæmdaleyfi viðkomandi sveitafélags.
- Framkvæmdir innan friðlýstra svæða eru háðar leyfi Umhverfis- og orkustofnunar.

Virðingarfyllst,

F.h. Fiskistofu

Guðni Magnús Eiríksson

Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs